

# Kennsluáætlun



Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Grundargötu 44 - 350 Grundarfjörður - Sími: 430 8400

Áfangi:	Danska - lestur, ritun og tjáning - DANS2LH05
Kennari:	Valgerður Ósk Einarsdóttir
Önn:	Vorönn 2019
Áætlun unnin:	

<b>Markmið:</b>
<b>Þekkingarmarkmið:</b>
<i>Að nemendur hafi aflað sér þekkingar og skilnings á:</i> <ul style="list-style-type: none"><li>helstu einkennum danskrar tungu í framburði og rituðu máli</li><li>orðabókum og upplýsingasíðum</li></ul>
<b>Leiknimarkmið:</b>
<i>Nemandi skal hafa öðlast leikni í:</i> <ul style="list-style-type: none"><li>hlusta á danskt mál eins og það kemur fyrir þegar skýrt er talað, t.d. í kvikmyndum og í sjónvarpsfréttum</li><li>taka þátt í samræðum á dönsku</li><li>lesa fjölbreyttra texta á dönsku</li><li>tjá hugsanir sínar á dönsku, skriflega og munnlega og nota til þess algeng orð og orðasambönd í ræðu og riti</li></ul>
<b>Hæfnimarkmið:</b>
<i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i> <ul style="list-style-type: none"><li>nýta sér inntak ritmáls og talmáls um efni sem hann hefur áhuga á að kynna sér og vinna með</li><li>tjá sig um almenn málefni og málefni sem hann þekkir vel, á skiljanlegri dönsku, bæði munnlega og skriflega og nota til þess málfar við hæfi</li><li>geti tekið þátt í samræðum á dönsku um almenn málefni</li></ul>

<b>Námsefni:</b>	Lesefni, myndbönd og hlekkir frá kennara sem eru aðgengilegir á Moodle.	
<b>Námsmat:</b> Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega og skili öllum verkefnum		
Upprifjun	Upprifjunarverkefni - 1 vika	6%
Viðfangsefni 1	Lýðháskólar - 3 vikur	19%
Viðfangsefni 2	Dýragarðar og dýralíf - 3 vikur	19%
Viðfangsefni 3	Listir og listamenn - 3 vikur	19%
Viðfangsefni 4	Útihátíðir- 3 vikur	19%
Viðfangsefni 5	Kvikmyndir og sjónvarp - 3 vikur	18%

## Skipulag náms:

### Námstilhögun:

Nemendur vinna sjálfstætt eftir námsáætlun sem er í kennslukerfi skólans, Moodle. Þar eru einnig upplýsingar um verkefni og þeim er skilað þangað.

Verkefni og lýsingar á þeim eru í Moodle og hefur nemandi eina viku ( fram til 18:00 næsta föstudag) til að leysa verkefnin og skila þeim. Ekki er möguleiki á því að skila verkefnum eftir skilafrest. Nemendur vinna sjálfstætt eftir námsáætlun sem er í Moodle ([http://fsn.is/?page\\_id=5965](http://fsn.is/?page_id=5965)). Allar upplýsingar um verkefni eru í Moodle og flestum verkefnum er skilað þar

### Um skilafrest og vanskil:

Verkefni eru einstaklingsverkefni nema annað sé tekið fram og þó nemendur megi og séu jafnvel hvattir til að ræða saman um textana og verkefnin en það er ekki leyfilegt að skila verkefni sem einhver annar hefur unnið hvort sem er að hluta til eða í heild sinni.

Ritstuldur er með öllu óheimill. Ritstuldur felur í sér að nemandi hagnýtir sér í verkefnum sínum hugverk annarra án þess að láta þess getið og vísa til heimilda eftir þar til gerðum reglum. Gildir þá einu hvort um er að ræða búa úr verki eða verkið í heild. Sjá nánar um viðurlög við brotum á vef skólans: [http://fsn.is/?page\\_id=5968](http://fsn.is/?page_id=5968)

Ég er fjarkennari og verð því ekki með tíma í skólahúsnæðinu í hverri viku. Þið þurfið að merkja við ykkur í Moodle í upphafi hvers tíma til að fá mætingu - það verður verkefni opið í 20 mínútur í upphafi tímans efst í vikunni.

Ég er með Skype (valla.osk) og Skype for Business opið þegar ég er við tölvuna en þið getið líka sent skilaboð í gegnum Moodle eða tölvupóst (valgerdur@fsn.is). Ég er mikið á netinu á daginn og yfirleitt snögg að svara skilaboðum en eftir kl 18 á daginn er ekki víst að ég sé við tækin og því möguleiki á því að þið fáið ekki svar fyrr en daginn eftir.

## Áætluð yfirferð:

Vikur	Efni	Skil á verkefnum og próf
Vika 2	Upprifjun	Mismunandi verkefni í Moodle
Vika 3	Lýðháskólar	Mismunandi verkefni í Moodle
Vika 4	Lýðháskólar	Mismunandi verkefni í Moodle
Vika 5	Lýðháskólar	Mismunandi verkefni í Moodle
Vika 6	Dýragarðar og dýralíf	Mismunandi verkefni í Moodle
Vika 7	Dýragarðar og dýralíf	Mismunandi verkefni í Moodle
Vika 8	Dýragarðar og dýralíf	Mismunandi verkefni í Moodle
Vika 9	Listir og listamenn	Mismunandi verkefni í Moodle
Vika 10	Listir og listamenn	Mismunandi verkefni í Moodle
Vika 11	Listir og listamenn	Mismunandi verkefni í Moodle

Vika 12	Útihátíðir	Mismunandi verkefni í Moodle
Vika 13	Útihátíðir	Mismunandi verkefni í Moodle
Vika 14	Útihátíðir	Mismunandi verkefni í Moodle
Vika 15	Páskarfrí	Páskarfrí
Vika 16	Kvikmyndir og sjónvarp	Mismunandi verkefni í Moodle
Vika 17	Kvikmyndir og sjónvarp	Mismunandi verkefni í Moodle
Vika 18	Kvikmyndir og sjónvarp	Mismunandi verkefni í Moodle

*Birt með fyrirvara um breytingar  
Valgerður Ósk Einarsdóttir*